



**3. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn á Hótel Örk, 19.október kl. 13:15.**

**Mætt: Eypór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson, Árni Eiríksson og Rakel Sveinsdóttir.**

**1. Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árneseinga fyrir árið 2019.**

Fjárhagsáætlun lögð fram og rædd. Áætlunin verður lögð fyrir haustfund Héraðsnefndar.

**2. Erindisbréf fyrir stjórnir stofnana héraðsnefndar.**

Erindisbréfin að verða klár, smávægilegar breytingar eftir sem Eypór klárar og þau verða síðan lögð fram til upplýsingar á haustfundi.

**3. Launagreiðslur til stjórnarmanna, framkvæmdastjórnar og stofnana nefndarinnar.**

Eypóri falið að hafa samband við Ingibjörgu fjárhaldsmann nefndarinnar og fara yfir þessi mál og samræma. Tillaga verður lögð fyrir haustfund.

**4. Húsnæðismál byggðasafnsins.**

Farið yfir fundargerð og bréf forstöðumanns byggðasafnsins um mögulegar lausnir á húsnæðisvanda safnsins varðandi geymslurými. Málið verður tekið upp á haustfundi.

**5. Haustfundur héraðsnefndar.**

Farið yfir lokaundirbúning fyrir haustfundinn og dagskrá hans.

**6. Önnur mál.**

Rætt um möguleika á að fara í átak varðandi kynningu á stofnunum nefndarinnar, m.a söfnunum, með það að markmiði að auka aðsókn og um leið tekjur af aðgangseyri. Málið verður tekið upp á haustfundi.

Fundi slitið kl. 13:45.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.

*Rakel Sveinsdóttir  
Helgi S Haraldsson  
Árni Eiríksson  
Kjartan Björnsson*